



ÁRSSKÝRSLA

2007



Ólafur Oddsson
verkefnisstjóri

Samstarfsaðilar um LESIÐ Í SKÓGINN – með skólum í Reykjavík

Menntasvið og Umhverfissvið Reykjavíkurborgar
Kennaraháskóli Íslands
Kennarasamband Íslands
Skógræktarfélag Reykjavíkur
Skógrækt ríkisins

Grunnskólar í Reykjavík sem fengið hafa grenndarskóg og skrifað undir samning.

Hvassaleitisskóli
Öskjuhlíðarskóli
Ártúnsskóli
Melaskóli
Vesturbæjarskóli
Hlíðarskóli
Álftamýrarskóli
Selásskóli
Norðlingaskóli
Rimaskóli
Sæmundarskóli
Húsaskóli (í vinnslu)
Árbæjarskóli (í vinnslu)
Brúarskóli (í vinnslu)
Breiðholtsskóli (í vinnslu)
Kennaraháskóli Íslands (í vinnslu)

Samstarfsaðila LÍS- skólaþróunarverkefni á landsbyggðinni

Kennaraháskóli Íslands
Kennarasamband Íslands
Námsháskólinn
Skógrækt ríkisins
Norðurlandsskógar
Laugarnesskóli
Andakílsskóli
Kleppjárnsreykjaskóli
Varmalandsskóli
Hrafnagilsskóli
Hallormsstaðaskóli
Flúðaskóli

Efnisyfirlit	bls
Forsíðumynd er af nemendum Vinnuskólans í Ártúsnskólaskóginum...	1
Yfirlit yfir samstarfsaðila LÍS- í Reykjavík og á landsbyggðinni.....	2
Inngangur.....	3
Efnisyfirlit.....	4
Mat Rannsóknastofnunar KHÍ	5
Málþing um mat á LÍS.....	6
Verkefnisstjóri ráðinn til starfa hjá Menntasviði Reykjavíkurborgar.....	7
LÍS- skólarnir – heimsóknir og námskeið.....	7
LÍS í Reykjavík.....	8
Yfirlit yfir grenndarskóga í Reykjavík.....	10
Samstarf við Vinnuskóla Reykjavíkur.....	12
“Álftó” verkefnið, atvinnutengt nám á skólalóð.....	16
Kynning og fræðsla, .málþing í Garðabæ, Hveragerði og á Akureyri.....	17.
LÍS í KHÍ.....fjarnemar, staðnemar og fleira.....	18
Samstarf við Hanverkshúsið.....	19
“Skóli og skógur”ráðstefna í Finnlandi.....	19
Annað.....	20
Lokaorð.....	20

Inngangur

Í þessari skýrslu er leitast við að gera grein fyrir því helsta sem gerðist í málefnum LÍS á árinu 2007 bæði er varðar Reykjavík og í landsverkefninu. Hér er í fyrsta skipti sett í eina skýrslu upplýsingar um bæði verkefni.

Verkefnið hefur þróast áfram og ný verkefni og áherslur séð dagsins ljós þrátt fyrir að formlegt samstarf hafi ekki verið endurnýjað á milli aðila, hvorki í landsverkefninu né í Reykjavík.

Aðkoma einstakra aðila að LÍS- samstarfinu er með ólíkum hætti en fullyrða má að ekki hefði verið unnt að ná þeim árangri sem náðst hefur án samstarfsins. Þverfaglegt samstarf er forsenda góðs árangurs í verkefni af þessum toga.

Markmiðið var að “efla fræðslu um skóg og skógarnytjar í grunnskólum” og “safna þeirri reynslu saman og miðla henni til annarra”.

Fullyrða má að því markmiði hafi verið náð almennt séð. Fjölmargir skólar hafa nú aðgang að grenndarskógi og haldin hafa verið námskeið fyrir starfsfólk skólanna og reynt með því að tryggja að nýting komist af stað og reynsla og þekking byggist upp í skólasamfélaginu og um leið verði til hefðir fyrir útinámi í skógi.

Út af stendur að ekki er búið að koma reynslunni í veftækt form en tveir nemar við KHÍ vinna nú að því í lokaverkefni sínu að tengja verkefnið öllum fögum grunnskólans og aldursstigum og setja í veftækt form.

Úttekt Rannsóknastofnunar Kennaraháskóla Íslands á LÍS staðfestir að verkefnið er um margt athyglisvert og áhugavert fyrir skólasamfélagið, ekki síst fyrir það hversu lengi það hefur starfað sem þróunarverkefni.

Hver er hinn raunverulegi árangur og hvaða mistök hafa verið gerð í framkvæmdinni. Hvar liggja megin styrkleikar verkefnisins og hagsmunir þess. Er það einhvers virði fyrir skógrækt í landinu að skógarreitir séu notaðir í skólastarfi og fyrir ungt fólk að alast upp við það að vinna að ýmsum námstengdum verkefnum í skógarumhverfi? Er það einhvers virði fyrir skólastarf að hafa aðgang að grenndarskógi og skiptir það máli fyrir félagsauð og lífsgæði íbúa í nágrenninu að geta nýtt hann til yndis og útivistar?

Þessum spurningum er ekki svarað í þessari samantekt en það sem fram kemur í henni ætti að geta hjálpað aðstandendum verkefnisins að taka ákvarðanir um framhald þess.



Mat Rannsóknastofnunar KHÍ á LÍS

Þuríður Jóhannsdóttir sérfræðingur hjá RKHÍ stjórnaði matinu á LÍS verkefningu og þeim aðferðum sem viðhafðar voru og gekk frá skýrslu um matið.

Haustið 2006 var byrjað að safna saman gögnum og skipuleggja áherslurnar í matinu. Ákveðið var að heimsækja LÍS- skólana og leggja með því drög að áherslum og vinnulagi en Þuríður lagði áherslu á að samstarfsaðilar ynnu saman að matinu og loka textagerð í matsskýrslunni. Nokkurs konar SVOT greiningaraðferð.

Flestir skólarnir voru heimsóttir og fundað með þeim starfsmönnum sem að verkefningu komu. Þar voru þeim kynntar hugmyndir að matsferlinu og áherslur. Á þessum fundum var safnað fyrstu upplýsingum um styrkleika- og veikleikabætti í LÍS- verkefningu og samstarfinu.

Verkefnisstjóri safnaði saman frumgögnum varðandi markmið, stjórnun, skipulag og framkvæmd s.s. varðandi fræðslu, kynningu og aðkomu einstakra aðila í samstarfinu. Skógrækt ríkisins, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Kennarasambandið, Menntasvið Reykjavíkurborgar og Menntamálaráðuneytið styrktu matsþáttinn sem kostaði 1.2 millj. króna.

Eins og reikna mátti með tók matsferlið lengri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi. Það drógst fram yfir áramót og matsfundurinn var síðan haldinn 19. febrúar í KHÍ að viðstöddum öllum samstarfsaðilum.



Myndirnar sýna gripi og verkefni sem skólarnir hafa unnið að og þeir sýndu á fundinum. Á myndinni lengst til hægri er starfsfólk Flúðaskóla að kynna hvernig þau unnu að LÍS- verkefningu. Eins og sjá má á myndinni hér að neðan var vel mætt og ekki laust við að ákveðinn hátíðarblær væri yfir salnum þar sem loks væri að ljúka löngu samstarfi og mikilli vinnu í þessum kafla verkefnisins.



Fremst á myndinni hér að ofan má sjá Jón Loftsson skógræktarstjóra við hlið Brynjars Ólafssonar hjá KHÍ en Jón afhenti verkefnisstjóra forlata hníf af þessu tilefni en gripurinn er unninn af Páli Kristjánssyni hnífasmíð. Á mynd nr. 2 má sjá þá Stefán Bergmann KHÍ t.v.og Ragnar Þorsteinsson sviðstjóra Menntasviðs. Á mynd nr. 3 er Þróstur Eysteinnsson sviðstjóri Þróunarsviðs Skógræktarinnar að flytja ávarp en hann taldi að LÍS- verkefnið væri mjög mikilvægt tæki til að koma skógarfræðslunni til nýrra kynslóða. Á síðustu myndinni í röðinni má sjá Þuríði kynna helstu niðurstöður úr matinu.

Margt má lesa út úr matsskýrslunni en ástæða er til að staldra við nokkur atriði varðandi samstarfið sem slíkt og gildi verkefnisins fyrir þróun skólastarfs hjá LÍS- skólunum þrátt fyrir að skólarnir væru ólíkir að stærð og þeir byggðu áherslur sínar á mismundandi skólanámskrám.

Matið miðaði að því að kanna hvers virði verkefnið væri fyrir:

- **Gildi LÍS fyrir nemendur og nám.**
- **Hvaða kennarar nota LÍS og hvernig.**
- **Stjórnun og samskipti.**
- **Hvers virði var aðstoð Skógræktarinnar.**

Það er ljóst að samstarfið hefur skipt miklu máli og þá sérstaklega þáttur Skógræktarinnar í skógarfræðslunni, ráðgjöf við skólana og með beinni aðstoð vegna vinnu í grenndarskóginum.

Til hefur orðið útiskólastofa í grenndarskógi allra LÍS- skólanna á tímabilinu sem þeir hafa aðgang að áfram.

Verkefnið hefur ýtt undir samstarf í grenndarsamfélagi og innan skólans á milli einstakra starfsmanna, fagkennara og almennra kennara og á milli skólastiga.

Það hefur aukið fjölbreytni í skólastarfi með breyttum námsaðferðum og auknu útinámi. Opnar með því leiðir til að ná einstökum markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla betur en áður s.s. varðandi einstaklingsmiðað nám, þemavinnu, samþættingu og þverfaglega vinnu innan skólanna og í grenndarsamfélagi.

Í skipulagi samstarfsins og áherslum má nefna að lögð var áhersla á formlegt samstarf samstarfsaðila og einstakra skóla. Gerðar kröfur um að verkefnisstjórn væri sett á laggirnar í hverjum skóla og að skólastjórnendur væru þátttakendur í henni. Haldin voru námskeið í skógarfræðslu í öllum skólunum og til þess ætlast að sem flestir starfsmenn skólanna tækju þátt í fræðslunni og að hún færi fram í þeirra eigin grenndarskógi svo þeir kynntust honum betur og ættu auðveldara með að nýta sér fræðsluna.

Á starfstíma verkefnisins frá hausti 2003 þegar fyrsti skólinn hóf þátttöku og til ársins 2006 voru tíð yfirmannaskipti í nokkrum skólanna og verkfall kennara sem náði til þeirra allra. Aðeins einn skólastjóri var starfandi allan tímann á samstarfstímanum auk annarra starfsmannaskipta.

Matið náði aðeins til LÍS- verkefnisins á landinu þ.e. þeirra 7 skóla sem þátt tóku í því en í þeim hópi er aðeins einn skóli í Reykjavík, þ.e. Laugarnesskóli.

Að sögn Þuríðar má lesa margt út úr verkefninu sem nýst getur í áframhaldandi þróun verkefnisins ekki síst fyrir það hversu lengi það hefur staðið sem þróunarverkefni. Það gefur tækifæri á frekari rannsóknavinnu á einstökum sviðum skólastarfs.

Til frekari upplýsingar skal bent á matsskýrslu Þuríðar Jóhannsdóttir hjá RKHÍ eða með tölvupósti til Þuríðar: tjona@khi.is

Reykjavíkurborg styrkir starf LÍS

Vegna fjárhagslegra þrenginga hjá Skógrækt ríkisins sem einkum stafar af niðurskurði á fjárveitingum til stofnunarinnar á undanförunum árum sá stofnunin sér ekki fært að taka þátt í verkefninu með starfi verkefnisstjóra og sagði honum því upp í lok ársins 2006. Því var leitað á náðir borgaryfirvalda sem sýndu því skilning og áhuga á að taka þátt í verkefninu og greiða laun verkefnisstjóra til hálfis á móti Skógrætinni. Það gekk eftir frá og með 1. mars 2006 og var hann því endurráðinn til stofnunarinnar í ½ starf. Verkefnisstjóri var ráðinn til Menntasviðs og staðsettur hjá Þjónustumiðstöð Árbæjar- og Grafarholts Bæjarhálsi 1 þar sem hann hefur alla almenna skrifstofuaðstöðu.

LÍS- skólarnir – heimsóknir og námskeið

Þó formlegu þróunarsamstarfi væri lokið ætla flestir LÍS- skólarnir að halda áfram skógaráherslum og byggja á þeirri reynslu sem fengist hefur.

Laugarnesskóli heldur áfram sem fyrr að fara í Katlagil vor og haust með alla nemendur og hefur byggt upp og bætt aðstöðu til dvalar þar og kennslu.

Hausið 2006 var haldið enn eitt stöðvanámskeiðið þar sem unnið var á tálgunarstöð, að grisjun, uppbyggingu á svæðinu þar sem grisjunarefnið var notað, í girðingar,



þrautabrautir, tjaldskýli o.fl. farið í víkingaleiki og kynning á Katlagili fyrir nýja starfsmenn var að venju í boði fyrir nýja starfsmenn skólans. Boðið er upp á útinám í heimilisfræðum þar sem eldamennskan fer fram utandyra á skólalóðinni.

Flúðaskóli hefur haldið áfram að byggja upp aðstöðu í grenndarskógi sínum og skipulagt mismunandi rjóður til nota í áherslum skólans út frá fjölgreindarstefnunni og unnið að fjölbreyttum verkefnum í tengslum við útinám og skóg.

Nokkrir starfsmenn skólans fóru til Svíþjóðar og Noregs í kynningar og námsferð varðandi útinám.

Verkefnisstjóri fór í heimsókn í **Varmalandsskóla** ásamt Birgi Haukssyni skógarverði í þeim tilgangi að skoða hvað og hvernig starfsfólk gæti nýtt grenndarskóginn betur í skólastarfi.



Heilmikil uppbygging hefur átt sér stað, skýlisbyggingar, stígagerð o.fl. sem styrk hefur útinám og skógarfræðslu nemenda.

Skógurinn er notaður mikið af nemendum skólans og leikskólans í frímínútum.

Verkefnisstjóri fór í heimsókn að **Kleppjárnareykjum** og ræddi við starfsfólk. Þar er vinna í gangi og áform um áframhaldandi uppbyggingu á nýju grenndarskógarsvæði þ.e. á Læknistúninu ásamt því sem skólinn notar áfram Kvenfélagsreitinn við Deildartungu.

Síðastliðið haust var haldið “Lesið í skóginn- tálgað í tré” námskeið í **Hrafnagilsskóla** fyrir kennara á Norðulandi í framhaldi af kynningu á Kennarasambandsþingi á Akureyri snemma um haustið.



Í **Hrafnagilsskóla** var skoðað með hvaða hætti væri hægt að búa til valgrein í skógarfræðslu fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í samvinnu við skógræktaraðila á svæðinu, Skógrækt ríkisins og Norðurlandsskóga.

LÍS- í Reykjavík

Eins og í landsverkefninu rann samstarfssamningurinn í Reykjavík út um áramótin. Því var sent formlegt erindi til allra samstarfsaðila og leitað eftir viðhorfum þeirra til áframhaldandi samstarfs.

Allir aðilar lýstu áhuga á áframhaldandi samstarfi. Ekki hefur enn verið kallað saman til fundar vegna þessa en fyrirhugað er að gera það í byrjun árs 2008.

Samstarf hefur þó haldið áfram á milli Umhverfissviðs, Skógræktar ríkisins, Kennaraháskóla Íslands og einstakra skóla í Reykjavík ásamt því að með breytingum á starfsumhverfi verkefnisstjóra opnuðust leiðir inn í Menntasvið borgarinnar. Samstarf var tekið upp við **Námsflokka Reykjavíkur** og gerð tilraun með LÍS- fræðslu fyrir atvinnulausa karla í svokallaðri Karlasmíðju vorið 2007. Náminu var vel tekið af þeim og því óskað eftir frekara samstarfi sem hélt áfram um haustið og bætt var við námskeiði fyrir atvinnulausar konur um haustið og einnig blandaða hópa.

Haldin var LÍS - kynning í **Húsaskóla** og í framhaldinu haldið stutt stöðvanámskeið í fyrirhuguðum grenndarskógi þeirra í Keldnaholti. Settar voru upp 6 ólíkar stöðvar og flest allt starfsfólk skólans fór í gegnum þá dagskrá. Námskeiðið var samstarfsverkefni KHÍ, Umhverfissvið, Náttúruskólans og LÍS.



Um haustið var þráðurinn tekinn upp að nýju vegna grenndarskógarins en seint og illa gekk að koma á fundi með Keldnamönnum en þeir eiga skóginn og þarf fyrirhugaður samningur að ná til þeirra sem eignaraðila og umsjónarmanna. Illa er gengið um þessa tvo furureiti sem um ræðir og mikil þörf á að auka umferð og nýtingu á þeim fyrir skólastarf og íbúa í nágrenninu. Helst virðist hann notaður af unglíngum til óæskilegrar hegðunar s.s. hassneyslu.

Sæmundarskóli fékk sinn grenndarskóg við Reynisvatn afhentan og var hann opnaður formlega með þátttöku nemenda. Þeir Óskar og Þiðrík hjá Umhverfissviði aðstoðuðu við að koma efni að reitnum og saga til efni í bekki sem Lionsmenn í Grafarholti notuðu síðan til að byggja upp bálstæði og koma fyrir bekkjum í rjóðrinu. Verkefnisstjóri fór með LÍS- kynningu á fund þeirra þar sem nefnd voru dæmi um hvernig klúbburinn gæti haldið áfram að styðja við bakið á skólanum og styrkja útinám í grenndarskóginum við Reynisvatn.



sniðið til efni í bekki

Lionsmenn leituðu síðan eftir hugmyndum um áhaldakaup til útikennslu sem þeir ætluðu að gefa skólanum og einnig varðandi hugmyndir að fjáröflun. Lionsklúbburinn í Grafarholti leitaði aðstoðar annars klúbbs utan hverfis við þetta verkefni.

Foreldarafélag **Ártúnsskóla** keypti búnað til útináms fyrir 100 þ kr. og gaf skólanum vegna 25 ára afmælis hans.

Breiðholtsskóli leitaði eftir möguleikum á grenndarskógi og fundaði verkefnisstjóri ásamt Birni Júlíussyni hjá Umhverfissviði með skólastjóra og áhugasömum kennurum ásamt því að ganga um nærliggjandi svæði sem kæmu til greina sem grenndarskógur skólans.

Árbæjarskóli hefur eins og áður hefur komið fram mikinn áhuga á að eignast grenndarskóg og stóð til að opna hann í byrjun desember sunnan við Elliðaárna norðan í Breiðholtinu. Ekki reyndist unnt að gera það vegna slæms veðurs og ófærðar og býður það betri tíma og færðar. Starfsfólk skólans hefur þegar sótt fjölbreytt stöðvanámskeið.

Haldin var fyrsti hluti LÍS- námskeiðs fyrir starfsfólk **Norðlingaskóla** sl. haust og til stendur að halda framhaldsnámskeið fljótlega. Tekinn var tálgunarþátturinn en eftir er að fara í skóg og vinna þar við skógarhirðu, ástamt því að fjalla um ýmsa skógfræðilega þætti, s.s. vistfræðilega þætti og skiptingu skógarins í ólík vinnusvæði þó mikið hafi þegar verið gert í því af stúdentum frá Kennaraháskólanum í Bergen sl. tvö haust.



frá námskeiðinu

Til stóð að halda stórt stöðvanámskeið í **Seláskóla** sl. haust en ekki varð af því vegna anna verkefnisstjóra. Það er enn á dagskrá og mun verða gripið fyrsta tækfæri til þess.

Samantekt um grenndarskóga í Reykjavík

Verkefnisstjóri tók haustið 2007 í samvinnu við starfsmenn á Umhverfissviði þá Björn Júlíusson og Þórólf Jónsson yfirlit um þá grenndarskóga sem útvegaðir hafa verið grunnskólum í Reykjavík og hvað hafi verið gert þar, hvenær og með hvaða hætti skólarnir hafa verið aðstoðaðir s.s. með ráðgjöf, efni og fræðslu.

Eftirfarandi samantekt nær frá þeim tíma er fyrsti grenndarskógurinn var opnaður 2003 og til dagsins í dag.

Henni er ætlað að gefa mynd af því hvaða skólar hafa aðgang að grenndarskógi og hvernig einstakir skólar hafa verið aðstoðaðir við að byggja upp útikennsluáðstöðu og bæta aðgengi að skógunum.

Hvassaleitisskóli—Svartiskógur

Skilti afhjúpað við hátíðlega opnun með söng og ræðuhöldum að viðstöddum þáverandi borgarstjóra Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttir.

Engin aðstaða og ekkert verið gert til að bæta hana.

Lítið notaður vegna starlúsar.

Farið í Fossvogsstöðina og sótt efni og notað í kennslu aðalega á haustin.

Öskjuhlíðarskóli– Gamli sumarþústaðarreiturinn við göngustíginn upp að Perlunni að austan.

Skilti afhjúpað við opnun. Efni í skilti frá Sr. skrifað undir samning.
Hlóðu sjálf upp grillstæði úr múrsteinum.
Efni í borð og bekki lagt til af Us
Mikið notaður í skólastarfi.

Ártúnsskólareitur– ræman austan við Rafveituhimilið

Opnaður með afhjúpun skiltis, undirritun samnings með hátíðardagskrá.
Unnið í reitnum á vordögum í samvinnu við foreldrafélag og hverfasamtök við grisjun, rjóðurgerð, ekið sandi í stíg og rjóður, klippt fyrir stígum, kurlaðar greinar, settar upp flaggstangir af skólanum en efni frá Sr
Efni í tillur frá Sr og Us
Efni í tilluskýli frá ÓÓ
Efni í borð og bekki í rjóðri frá Sr.
Vinnuskólakrakkar unnu við uppbyggingu á aðstöðu með smíði á tilluskýli, borði og bekkjum í grenirjóðri, bætt kurl í stíga og einstök tré snyrt.

Hólavallakrikjugarður– Vesturbæjarskóli– Melaskóli

Skólarnir hafa báðir aðgang að garðinum í skólastarfi og afhjúpuðu skilti við garðinn því til staðfestu og skrifuðu undir samning.

Laugarnesskóli– Katlagil– skólalóð

Hefur aðgang að sínum eigin skógi í Katlagili.
Fengið skógarfræðsla á haustdögum á hverju ári frá 2003.
Notar skóginn mikið í skólastarfi vor og haust með öllum nemendum.
Ráðgjöf og leiðbeiningar um skógarhirðu og viðarnytjar.
Byggð upp aðstaða á svæðinu til að auka kennslu og leikgildi svæðisins. Efni notað úr eigin skógi.

Hlíðaskóli– Öskuhlíð austanverð

Opnaði skóginn með afhjúpun á skilti við hátíðlega athöfn í skóginum og skólanum.
Stöðvafræðsla fyrir alla starfsmenn sett upp í grenndarskóginum.
Aðstoð við uppbyggingu með þátttöku Vinnuskólakrakka sumarið 2007.
Klippt frá stígum, drasl fjarlægð við skotgröf, búið til klifurtré, hlaðið upp bálstæði, sett upp jafnvægisslá og einn bekkur.
Us aðstoðaði við útvegum á steinum í bálstæði og sand undir. Kurl í rjóður sett 2006.

Álftamýrarskóli

Skrifað undir samning á vordögum 2005 um samstarf.
Málþing um endurskipulag skólalóðar og grenndarskógar.
Stöðvafræðsla í Heiðmörk 2006 og í Kjós 2007.
Efni í bekki og borð og aðstoð Us við smíði og uppsetningu á skólalóð.
Aðstoð 3 nema í 10 b við afgreiningu á torgtrjám 2007 og grisjun á skógarstíg í Öskjuhlíð.

Rimaskóli– Nónholt

Formleg opnun 2006 við hátíðlega athöfn, ljóðalestur, söng og grill.

Söðvanámskeið fyrir alla starfsmenn skólans í reitnum 2006.

Plöntur á skólalóð haustið 2007.

Sæmundarskóli– Reynisvatnsreitur

Formleg opnun haustið 2006 með samningi.

Aðstoð við uppbyggingu með sandi, bolefni og uppsetningu á bekkjum.

Ráðgjöf við skipulag rjóðurs í nágrenni skólans haustið 2007 þar sem foreldrar og börn plöntuðu.

Kynningarnámskeið 2006.

Húsaskólareitur– furulundirnir í Keldnalandi.

Undirbúin þátttaka skólans í LÍS með söðvanámskeiði haustið 2007.

Gengið frá samningi sem á eftir að skrifa undir og opna skóginn formlega

Breiðholtsskóli

Árbæjarskóli

Undirbúin opnun grenndarskógar fyrir sunnan Elliðaárna norðan í Breiðholtinu. Formleg opnun undirbúin í byrjun desember með þátttöku ynstu nemendanna í skólanum en varð að fresta vegna slæms veðurs. Beðið er betri og fjartari tíðar.

Samstarf við Vinnuskóla Reykjavíkur.

Verkefnisstjóri fór á fund yfirleiðbeinenda Vinnuskólans vorið 2007 og kynnti þar hugmyndir að verkefnum í grenndarskógum skólanna og var þeim boðið að hafa samband ef þeir hefðu áhuga á að bjóða einstökum hópum að taka að sér verkefni í grenndarskógum og nota það sem umbunarverkefni fyrir vel unnin störf við hreinsun og umhirðu gróðurs.

Þrír verkstjórar sýndu verkefninu sérstakan áhuga og voru það hópar út Hlíðaskóla, Ártúnsskóla og Selásskóla sem unnu að verkefnum í grenndarskógum skóla sinna.

Krakkarnir í þessum hópum fengu að koma með hugmyndir að verkefnum og hlutast til um útfærslu þeirra hver á sínu svæði..

Sumir skólanna höfðu óskað eftir aðstoð við ákveðna uppbyggingu og voru verkefnið unnið í samvinnu við þá þar sem því var við komið.

Verkefnið voru svipuð í mörgum tilfellum og miðuðu að því að byggja upp aðstöðu til útikennslu og dvalar s.s. að byggja bálstæði, leggja stíga, snyrta trjágróður, smíða bekki og borð, búa til klifurtré, reisa jafnvægisslá, viðarskýli og taka til í skóginum.

Verkefnisstjóri vann í öllum tilfellum með hópunum, útvegaði áhöld og búnað, efni og veitti faglega ráðgjöf. Umhverfissvið borgarinnar með þá Óskar og Þiðrik í broddi fylkingar aðstoðaði við útvegum á efni, s.s. timbur, möl og grjót og tók rusl frá hópunum þar sem það átti við.

Segja má að þetta verkefni hafi slegið í gegn hjá krökkunum ef marka má umsagnir þeirra en þau virtust vera sammála því að gaman væri að vinna að svona verkefni, fá að

hafa áhrif með því að koma með hugmyndir, bera ábyrgð og að dvelja það lengi í grenndarskóginum að þau fengju tilfinningu fyrir honum og hættu að vera óörugg og lærðu að njóta þess.

Ef lýsa á vinnulagi og uppeldisaðferðum sem notaðar voru í þessari vinnu má segja að það hafi verið þátttökunám (learning by doing) með því að leiðbeina og sýna, útdeila verkefnum til einstaklinga sem þau báru ábyrgð á og leyfa þeim að prófa og treysta þeim fyrir verkefnum og verkfærum. Þetta skilaði sér í starfsánægju, miklum áhuga, vandaðri vinnu og góðum afköstum. Umfram allt að vera félagi þeirra og leiðbeinandi, ekki stjórnandi.

Verkstjórar þessara hópa voru sérlega áhugasamir og duglegir og í góðu sambandi við krakkana í hópnum. Þeir tóku sjálfir þátt í verkefnunum og voru líka að læra og fannst það skemmtilegt.

Undirritaður er viss um að þessir krakkar eigi allir eftir að sýna grenndarskóginum virðingu og hafa jákvæðar minningar frá þessari vinnu í framtíðinni. Það er ekki lítils virði ef satt mun reynast.

Fleiri yfirverkstjórar sýndu verkefninu áhuga en ekki reyndist unnt að finna verkefni og sinna þeim að þessu sinni.





“Skógarhetjur” Sumarstarf í skólaskógi



Mat þátttakenda Selásskóla, Hlíðaskóla og Ártúnsskóla

Hvernig fannst þér að vinna í grenndarskóginum?

Gegt- Tremma gaman- það var geðveikt gaman- Mjög gaman, skemmtilegra en hitt,-
Mjög gaman :D

Geðveikt,- Mér fannst það miklu skemmtilegra en að reyta arfa,- Mér fannst það rosalega skemmtilegt, - Mér fannst það rosalega gaman,- Bara fínt, fyrir utan kuldann þar sem sólin komst ekki í gegn,- Mér fannst það mjög gaman, - Mjög gaman, - Ótrúlega gaman, - Mjög skemmtilegt og tilbreytilegt, Mjög gaman, þetta er góð tilbreyting frá beðunum, Það er góð tilbreyting frá beðunum og getur maður haft áhrif á það sem maður er að gera, Mér fannst skemmtilegt að vinna þar, miklu skemmtilegra en að reita arfa, Mjög áhugavert, gaman, tilbreyting,

Var eitthvað sem kom þér á óvart / ef já hvað þá?

Nei- Já hvað þetta var skemmtilegt- Já þetta var skemmtilegra en ég hélt- Já bara allt þetta, er svo öðruvísi, mikill fjölbreytileiki, - Já hvað það er gaman að vinna við svona í náttúrunni, -

Já, það er farið svo illa með sumt hérna í kringum,- Já okkur var aðlveg treyst fyrir þessu og við fengum alveg að ráða,- Hvað við fengum að vera sjálfstæð í að gera þetta,- Skilta-Krotun á skiltunum fyrir framan skóginn og í rjóðrinu, jákvætt hvað við fengum að vera sjáráða, Nei,- Þetta voru skemmtileg verkefni, - Ekkert sem kom mér mikið á óvart,- Já hvað er hægt að gera mikið úr litlu, -

Já flugurnar voru árásgjarnar, Nei, Já hversu gaman er að vinna í grenndarskógi, Flugurnar,

Hvað fannst þér um verkefni? Létt, of erfið, skapandi, lærdómsrík, annað....

Mjög mátulega erfitt en gaman að gera eitthvað- Skemmtileg, Fjörug, æðislega flyppað, - Þetta var bara passlegt- Það er bannað að tálga kork,- Skapandi,- Frekar létt, mjög lærdómsríkt & gaman,-

Skemmtilegt, lærdómsríkt,- Mjög skemmtilegt, Rosa skemmtilegt, lærdómsríkt og skapandi,- Skapandi, skemmtilegt, lærdómsríkt, -Misjöfn eins og þau eru mörg,- Lærdómsríkt, skemmtilegt og skapandi,- Bara mjög skemmtileg, sum leiðinleg samt,-

Skemmtilegt og lærdómsríkt, -
Bara skapandi, létt, skemmtileg, Skemmtilegt því við fáum að koma með hugmyndir,
Skemmtilegt og lærdómsríkt, Skemmtilegt og lærdómsríkt, Létt, hugmyndaríkt og
skemmtilegt,

Hvað finnst þér þú helst hafa lært?

Að það eru til stórir naglar- Umm... veit ekki, kanski að tré gráta og hvað járnkarl er ☺,-
Læra að nota klippur og að það er gaman að klifra í trjám,- Alls konar um náttúruna,-
Hvað má gera og ekki gera við náttúruna,- Hvað það er hægt að gera mikið úr litlu,- Að
meta skóginn ☺,- Að kunna að fara með skóginn og umhverfi okkar, - Ég lærði á
handtrjásög ☺,- Lærði meira um náttúruna,- Að klifra í tré ☺,- Um hvað má og hvað ekki
gera við náttúruna, -
Að slaka á með flugur alveg í sér, Ekkert, Ég lærði á ýmiss verkfæri, Mikið um
náttúrunar, Að hafa gaman af skóginum og flugunum,

Gætir þú hugsað þér að mæla með þessu verkefni fyrir Vinnuskólakrakka?

Jebba- Já pottþétt ☺, - Auðvitað- Ó já ☺, Já klárlega,-
Já pottþétt, - Já þetta var miklu skemmtilegra,- Já þetta var rosa gaman, Án efa er þetta
frábær upplifun, - Já hiklaust, það er gott að breyta til og komast í snertingu við
náttúruna! ☺, - Já ég mundi mæla með því, - Já, - Já pottþétt, -
jamm, held það bara væri sniðugt og skemmtilegt, Já, Já ég held að öðrum eigi eftir að
finnast þetta skemmtilegt, Já ég held að allir ættu að hafa gaman að því, Já, þetta er
tilbreyting, skemmtilegt og skapandi (láta ljós sitt skína)

Er eitthvað sem þú vildir hafa öðruvísi við vinnuna í grenndarskóginum?

Nei nema kannski lengri hlé- Nei kannski lengri hlé- Nebb,- Betri laun og fá að nota
keðjusög- Nei eiginlega ekki,- Nei eiginlega ekki, -
Nei,- Kannski hefðum við átt að byrja fyrir svo við gætum gert meira,- Nei,- Já, lengri
tíma til að gera meira og bæta, - Ég hefði átt að vera betur klædd, - Nei, hún er
skemmtileg eins og hún er,- Nei, - Nei,nei, þetta var mjög fínt,-
Já komast á klóset- aðstaða, Nei, Ekkert sem mér dettur í hug í augnablikinu,
Vinnuaðstað s.s. vinnuskúr.

Annað sem þú villt að komi fram?

Mér langaði að nota keðjusögina, Davíð er besti leiðbeinandi í heimi ☺, Held þetta sé
komið,- Þetta var mjög spennandi verkefni,-
Nei,- Áfram Fylkir! ☺,- Áfram Fylkir ☺,- Áfram Fylkir ☺,- Allir að ganga vel um
skóginn !!!! ☺,- Allir að ganga vel um skóginn !!, - Þetta var ótrúlega skemmtilegt að fá
að vera þetta, - Áfram Fylkir
Ne, kannski tónlist, Nei, Ég hef ekkert fleira að segja, Nei, Takk fyrir að leyfa okkur að
prófa, þetta var skemmtilegt ☺

**Takk kærlega fyrir vinnu þína í grenndarskóginum.
Samstarfsaðilar verkefnisins kunna mjög vel að meta hana.**

Bestu þakkir,

**Davíð, María og Einar Kristján.
Kristjana Björg, Íris, Unnar, Ólafur og Guðrún
LÍS- Vinnuskólinn – Hlíðaskóli- Ártúnsskóli og Selásskóli
Ágúst 2007**



Álftó- verkefnið

Þessa verkefni var getið í síðustu ársskýrslu en vegna jákvæðs árangurs var talin ástæða til að halda því áfram fram á vorið 2007.

Hér er um afar sérstakt verkefni að ræða þar sem í fyrsta skipti var boðið upp á starfstengt nám í “umhverfisuppeldi” sem tengdist skógarvinnu á skólalóð og í grenndarssamfélagi. Verkefnið er skilgreint sem óhefðbundið samþætt útinám og tengist nokkurs konar vali nemenda í 10. bekk.

Verkefnin miðuðu að því að bæta kennslu til útnáms á skólalóð og í grenndarskógi um leið og leikaðstaða er bætt fyrir nemendur. Skólinn valdi tiltekna nemendur í verkefnið vegna erfiðleika í hegðun og námi og vegna almenns skólaleiða. Engu að síður var þeim treyst fyrir verkefninu.

Árangurinn var góður, nemendurnir nutu þess að taka þátt í verkefninu og heilmiklu var komið í verk á skólalóðinni.

Í samvinnu við Umhverfissvið borgarinnar tóku nemendur þátt í því að snyrta skógarstíg í Öskjuhlíð sem lið í náminu en með því kynntust þeir samfélagsverkefni, hagsmunum almennings og viðfangsefnum Umhverfissviðs.

Í staðin aðstoðaði Umhverfissvið “skógardrengina” við ýmiss verkefni á skólalóðinni og útveguðu skógarefni til nokkurra verkefna.

Styrkur til verkefnisins að upphæð kr. 500 þ fékkst úr skólaþróunarsjóði Menntasviðs Reykjavíkurborgar og rennur hann til Skógrætar ríkisins upp í kostnað við verkefnið. Sérstök skýrsla var gerð um verkefnið í heild sinni þar sem sjá má nánar um aðferðir, áherslur og árangur verkefnisins. Það hefur þegar verið kynnt víða m.a. á skógar-skólaráðstefnunni í Finnlandi sl haust, á málþinginu í Garðabæ og víðar.

Í upphafi starfsárs sl haust sóttu starfsmenn **Álftamýrarskóla** verkefnisstjóra heim, sem setti upp dagskrá sem hafði fræðslu og skemmtigildi að markmiði. Skipt var niður í litla hópa sem unnu að ýmsu námstengdum og samþættum verkefnum og var þátttakendum ekið á dráttarvél upp í skóg þar sem þeir unnu og komu síðan til baka með afraksturinn og kynntu hann fyrir hinum og nutu síðan veitinga við grillið.



Kynning og fræðsla

LÍS- í skólastarfi var kynnt af verkefnisstjóra á málþingi um útinám sem haldið var í Garðabæ um miðjan ágúst. Góð þátttaka var á málþinginu og voru þátttakendur af öllu landinu.

Á málþingi Sunnlenskra kennara sem haldið var í Hvergerði um svipað leyti var LÍS-kynnt í tengslum við málstofu um list og verkgreinar. Verkefnisstjóri ásamt Brynjari Ólafssyni hjá KHÍ stjórnðu málstofunni.

Þá kynnti verkefnisstjóri LÍS- á málþingi kennara á Norðurlandi í október fyrir 50 manns í málstofu um aðferðir í útinámi og skógarfræðslu. Í framhaldi af því var haldið tálgunarnámskeið í Hrafnagili.

Námskeið fyrir kennara á Norðurlandi

Námskeiðið var haldið í samvinnu við Listalind sem er aðili sem sérhæft hefur sig í námskeiðshaldi af ýmsu tagi fyrir handverksfólk. Kynning, skráning og önnur umsýsla var í höndum Dórotheu Jónsdóttir hjá Listalind.

Þátttakendur voru víða að af Norðurlandi, allt starfandi kennarar, flestir smíðakennarar en einnig almennir kennarar.

Námskeiðið var haldið í smíðastofu Hrafnagilsskóla og farið í Kjarnaskóg í skógarlestur og efnisöflun.

Fyrirhugað er að halda annað námskeið á árinu 2008 þar sem allir sem vildu komust ekki á þetta námskeið.

LÍS í KHÍ

Eins og undanfarin ár var LÍS- valnámskeið í boði bæði í staðnámi og fjarnámi í samvinnu við Smíðadeild skólans.

Full bókað var á báðum námskeiðunum og náði kennslan frá byrjun janúar og fram í maí. Sem fyrr voru nemendur af hinum ýmsu brautum skólans, en flestir voru af grunnskólabraut, leikskólabraut en færri af tómsundabraut og þroskaþjálfabraut og komnir mis langt í náminu. Þá komu nemendur sem voru í smíðavali einnig inn á námskeiðin.

Dagskrá námskeiðanna er nokkuð hefbundin tálgunardagskrá en hefur verið að þróast til meiri samþættingar, fjölbreyttari verkefna og meira útináms.

Á námskeiðinu fyrir staðnema gefst meiri tími til að fjalla um LÍS- verkefnið sem tæki í skólastarfi með tengingu við grenndarskóginn og til að fjalla um frágang og fullvinnslu smíðisgripanna.

Þá var farið í fyrsta skipti í grenndarskóg KHÍ til þess að vinna að raunverulegum verkefnum sem tengjast uppbyggingu á svæðinu til kennslu og almennra nota.

Verkefnum var deilt niður á nemendur og þeir fengu að takast við að hanna og byggja upp rjóður, flétta girðingu, glíma við mælingar af ýmsu tagi, búa til bálstæði og elda ásamt því að fjallað var um grisjun, umhirðu og vistfræði skógarins.



Það kom fram í námsmatinu að nemendur voru mjög ánægðir með að fá tækifæri til að læra í gegnum það að vinna í skóginum og kemur það svo sem ekki á óvart.

Verkefnisstjóri flutti kynningu á LÍS hjá erlendum skiptinimum í samvinnu við náttúrufræðideildina.

Málþing KHÍ

Til stóð að hafa kynningu á niðurstöðum LÍS- úttektar Þuríðar á málþingi KHÍ í haust en einhverra hluta vegna var það fellt niður úr dagskránni vegna þrengslna en um leið boðið að kynningin fái pláss á næsta málþingi að ári..

Lokaverkefni í þágu LÍS

Tveir nemendur á náttúrufræðikjörsviði KHÍ, þær Margrét Eðvaldsdóttir starfandi kennari í Grunnskóla Borgarbyggðar á Kleppjárnsreykjum og Ása Erlingsdóttir kennari í Varmalandsskóla eru að vinna það sem lokaverkefni að koma með tillögur að

uppsetningu á LÍS-verkefnablöðunum sem til urðu í skógarfræðslunni og tengja þau einstökum námsgreinum, skólastigum og námsaðferðum í grunnskólastarfi svo hefja megi vinnu við að koma verkefnum í veftækt form.

Samstarf við Handverkshúsið (Hjá Gylfa)

Eftir að Handverkshúsið flutti aðstöðu sína í Bolholt í Reykjavík hefur skapast aðstaða til kennslu á efri hæð hússins. Þar hefur verið útbúin afar aðlaðandi og hentug kennsluáðstaða til ýmiss konar námskeiðshalds. Aðstaðan hentar afar vel fyrir LÍS-fræðslu s.s. tálgunarnámskeið. Rúmgóð köld geymsla er á sömu hæð þar sem auðvelt er að geyma og vinna með ferskt efni á námskeiðum. Í samvinnu við Handverkshúsið var haldið LÍS- námskeið með áherslu á tálgun. Þátttakendur voru 10 og komu úr ýmsum áttum m.a. tveir frá skólum í Reykjavík (Selásskóla og Sæmundarskóla) sem ætluðu að nýta þekkinguna til að kenna börnum tálgun og vinnu með ferskt skógarefni.



Ráðstefnan “skógur og skóli” í Finnlandi

Eins og áður hefur komið í ljós á þessum vettvangi hefur um árabil verið í gangi norrænt samstarf á sviði skógarfræðslunnar. Síðasti fundur var haldinn í Svíþjóð árið 2006. Eftir þann fund stóð til að halda fund hér á landi og þá yrðu niðurstöðurnar úr úttekt á LÍS kynntar. Á sama fundi var einng rætt um ráðstefnu þar sem Eystrasaltslöndunum yrði boðin þátttaka enda mikið og vaxandi samstarf við þau lönd af hálfu Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands. Efni þess fundar átti að vera með áherslu á sjálfbæra þróun og samskipti manns og skógar.

Það var því niðurstaðan að búa til sameiginlega ráðstefnu þar sem blandað yrði saman efni um skóla og skógarfræðslu og sjálfbæra þróun með skógarnálgun.

Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Þýskalandi, Póllandi, og Rússlandi var boðin þátttaka og ráðstefnan var haldin um miðjan nóvember í tvo daga í Finnlandi þar sem kynntar voru ýmsar kannanir og úttektir á skógarfræðslu og þátttöku skóla og almennings í henni. Jafnframt því var unnið í hópum og rætt um samskipti manns og skógar og um sjálfbæra þróun og hlutverk skógarins í því sambandi.

Verkefnisstjóri kynnti helstu niðurstöður úr skýrslu Þuríðar og einnig frá “Álftóverkefninu” og Vinnuskólaverkefninu sem dæmi um vel heppnaða nálgun í skógaruppeldi. Hann var eini íslenski þátttakandinn á ráðstefnunni.

Ráðstefnan þótti takast vel og var ákveðið að stefna á framhald síðar. Ráðstefnan var styrkt af norrænu ráðherranefndinni.

Annað

Verkefnisstjóri fór á Aðalfund Skógræktarfélags Kópavogs og kynnti LÍS- verkefnið. Skólar í Kópavogi hafa lengi sýnt LÍS- verkefninu áhuga og í seinni tíð og velt því fyrir sér hvernig þeir geti eignast grenndarskóg og sinnt umhverfisfræðslu í sínu nánasta umhverfi þar sem tré og skógur er í fyrirrúmi. Hvammshús sem er sérkennsluúrræði hefur haft það sem verkefni að útvega skólunum ferskt efni til kennslu, þar sem grisjunarefni Kópavogsbæjar er að hluta til flutt þangað.

Málþing um hverfasamstarf

Í samvinnu nokkurra sviða borgarinnar s.s. ÍTR, Menntasviðs. Leikskólasviðs og Velferðarsviðs var á haustdögum haldið málþing um eflingu hverfasamstarfs með það að markmiði að auka íbúalýðræði og almenna velferð. Ein af málstofum málþingsins fjallaði um “umhverfissuppeldi” og hugsanleg verkefni sem gætu tengst þeirri hugmynda- og aðferðarfræði. Töluverður áhugi var á málinu og þétt setið í tvígang, málin rædd og ályktað um verkefni sem gaman væri að koma af stað á hverfagrundi.



Lokaorð

Nú er komið að nýjum kafla í málefnum LÍS- verkefnisins. Á næstu mánuðum ræðst hvort það haldi áfram og hvernig.

Meta þarf af sanngirni þau verðmæti sem í reynslu þeirra liggja sem hafa mótað það og þróað. Safna þarf henni saman og koma í veftækt form þannig að hún sé sem flestum aðgengileg. Jafnframt þarf að halda áfram að styðja við þá skóla sem vilja feta þessa leið og nýta sér skóginn í skólastarfi.

Styrkja þarf enn frekar samstarf við KHÍ og innan skólans um uppbyggingu og nýtingu á grenndarskóginum, þannig að hann verði sá aflgjafi og áhugahvati sem góð aðstaða til þverfaglegs útináms býður upp á fyrir nemendur skólans..

Safna þarf og skrá enn frekari upplýsingar um grenndarskógana og gera áætlanir um hirðu þeirra og nytjar til framtíðar.

Fyrirverandi samstarfsaðilar þurfa að svara því hvort leita þurfi samstarfs við aðila utan hópsins til að ná nýjum markmiðum um öfluga þverfaglega skógarfræðslu.

Sóknarfærin liggja í hverju fót máli og eftirspurnin eftir stuðning, ráðgjöf og fræðslu á sviði umhverfissuppeldis er til staðar en spurning hvort skólasamfélagið hefur þrek, tíma og getu til að þiggja hana og leggja á sig það sem þarf til að rækta samstarf af þessum toga.

